



LANDSBRÉF

Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti

Samantekt

Yfirlýsing þessi, um helstu neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti (e. Principal Adverse Impact statement (PAIs)), er gefin út af Landsbankanum hf. (LEI 549300TLZPT6JELDWM92) á samstæðugrundvelli og nær yfir starfsemi bankans og dótturfélags hans Landsbréfa hf. (LEI 213800VY5YTFW1FUUQ55) sem bæði teljast aðilar á fjármálamarkaði samkvæmt skilgreiningu í reglugerð (ESB) nr. 2019/2088, um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR). TM tryggingar hf. er hluti af samstæðu Landsbankans en þar sem félagið býður ekki upp á váttryggingartengdar fjárfestingarafurðir (IBIP) sem hluta af virku þjónustuframboði sínu fellur starfsemi þess utan upplýsingaskyldu skv. 4. gr. SFDR og er ekki hluti af yfirlýsingunni. Hér verður vísað sameiginlega til Landsbankans og Landsbréfa með persónufornafninu „við“ þar sem fjárfestingarákvarðanir sem falla undir yfirlýsinguna eru teknar af þeim.

Samkvæmt skilgreiningu reglugerðar (ESB) nr. 2019/2088, um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (hér eftir SFDR), er Landsbankinn lánastofnun sem veitir þjónustu á sviði eignastýringar safna. Landsbréf er sérhæfð fjármálastofnun á sviði eigna- og sjóðastýringar með leyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða (e. AIFM) og rekstraraðili verðbréfasjóða (e. UCITS). Landsbankinn hefur falið Landsbréfum að mestu leyti umsjón með eignastýringu viðskiptavina bankans. Eignir sem liggja til grundvallar yfirlýsingar þessari samanstanda af eignum verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða og annarra eignasafna í eignastýringu. Yfirlýsing þessi tekur ekki til fjárfestingarákvarðana vegna eigin fjárfestinga Landsbankans eða Landsbréfa þar sem slíkar fjárfestingar falla utan upplýsingaskyldu skv. SFDR. Í þeim tilvikum sem Landsbankinn veitir fjárfestingarráðgjöf fylgir bankinn þeim stefnum og ferlum sem sett hafa verið um ábyrgar fjárfestingar. Upplýsingagjöf er í samræmi við þau gögn sem bankinn og Landsbréf afla í tengslum við mat á sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir.

Landsbankinn og Landsbréf taka mið af helstu neikvæðum áhrifum af fjárfestingarákvörðunum sínum á sjálfbærniþætti. Við tökum mið af mögulegum neikvæðum áhrifum fjárfestinga með því að fella umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS-þætti) inn í áreiðanleikakönnun

og ákvörðunartöku við val á fjárfestingarkostum, eftir því sem við á, auk þess að fylgja fyrir fram skilgreindum útilokunarviðmiðum í samræmi við stefnu um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu sem má lesa um á heimasíðu Landsbréfa.¹ Notast er við gögn frá upplýsingaveitum Bloomberg, Reitunar og Veru um UFS-þætti. Við greinum, forgangsriðum og metum helstu neikvæð áhrif á UFS-þætti með hliðsjón af umfangi áhrifanna, alvarleika, líkum á að þau raungerist og möguleikum á að draga úr þeim. Við matið er einkum horft til áhrifa á loftslag, náttúru og líffræðilega fjölbreytni, mannréttindi, félagslega þætti og góða stjórnarhætti, eftir því sem við á fyrir viðkomandi eignaflokkum og fjárfestingar. Þar sem við á beitungu við virku eignarhaldi sem hluta af ferlum okkar til að takast á við helstu neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti. Það getur meðal annars falist í samskiptum við útgefendur verðbréfa um UFS-þætti eða öðrum aðgerðum sem ætlað er að stuðla að bættum starfsháttum og aukinni upplýsingagjöf. Nánari upplýsingar um virkt eignarhald og framkvæmd þess má finna í eigendastefnu Landsbréfa.² Við fylgjumst með samanlögðum neikvæðum áhrifum fjárfestinga á sjálfbærniþætti með reglubundnum mælingum og greiningum.

Við veitum upplýsingar um alla 18 skyldubundna sjálfbærnisvísa samkvæmt töflu 1 í viðauka I við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 við SFDR, auk tveggja viðbótarvísa, annars úr töflu 2 og hins úr töflu 3 í sama viðauka. Fyrir hvern þessara vísa veitum við upplýsingar um aðgerðir sem gripið hefur verið til, sem og fyrirhugaðar aðgerðir. Upplýsingarnar endurspeglar þær áherslur í sjálfbærni sem liggja að baki fjárfestingum okkar og mynda grunn að samræmdri og gagnsærri upplýsingagjöf. Þessi yfirlýsing felur í sér upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif fjárfestinga, mæld samkvæmt framangreindum mælikvörðum.

Skortur á upplýsingagjöf frá fyrirtækjum sem við fjárfestum í veldur því að við glíum enn við áskoranir við að meta og greina öll helstu neikvæðu áhrif fjárfestinga okkar. Til að gæta samræmis eru gögn sótt í Bloomberg, Veru og Reitun. Fyrirtæki sem miðla ekki sjálfbærniupplýsingum til einhvers þessara aðila fá 0 fyrir sína UFS-þætti í töflunum. Gæta

¹Sjá nánar á [sjálfbærnisíðu Landsbréfa](#).

²Sjá [eigendastefnu Landsbréfa](#).

verður þess að öflun gagna taki ekki óhóflega langan tíma og þess vegna eru þessir þrír gagnabankar nýttir, en samanlagt geyma þeir upplýsingar fyrir stærstan hluta eignasafnsins þar sem sjálfbærni gögn eru á annað borð til staðar. Ekki verður gripið til beinna aðgerða af hálfu Landsbankans eða Landsbréfa til að bæta gögn eignasafnsins. Á einingastigi metum við helstu neikvæðu áhrifin með því að mæla og fylgjast með samanlögðum neikvæðum áhrifum fjárfestinga okkar á sjálfbærniþætti.

Samanburður við viðmið í greininni er flókinn vegna fjölbreytileika eignasafna (flokkun eigna, eðli fjárfestinga, geira o.s.frv.). Án samanburðargagna yfir mörg tímabil er erfitt að meta hvaða UFS-þættir verða fyrir mestum neikvæðum áhrifum. Nú eru einungis tvö tímabil til samanburðar en þetta batnar með hverju árinu sem PAI yfirlýsingin er gefin út.

Þar sem loftslagsbreytingar eru ógn við samfélög og hagkerfi heimsins er horft til þess að minnka loftslagsáhrif fjárfestinga ásamt öðrum áherslum á UFS-þætti. Þetta endurspeglar stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu, sjálfbærnistefnu Landsbankans og aðild okkar að verkefni Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (PRI).³

Yfirlýsing þessi, um helstu neikvæðu áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti, nær yfir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2025.⁴ Upplýsingarnar voru gefnar út þann 30. júní 2026. Við munum halda áfram að birta þessar upplýsingar árlega og uppfæra þær oftast ef tilefni er til. Samantekt þessi er birt á íslensku og ensku.

³Sjá [sjálfbærnistefnu Landsbankans](#) og [stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu](#).

⁴Tilgreind áhrif ná ekki til ákveðinna fjárfestinga þar sem gögn eru ekki tiltæk og ekki var hægt að afla þeirra með góðri viðleitni eða áætla þau. Reiknigrunnur áhrifa okkar byggir á aðferðafræði sem er birt í tæknilegum eftirlitsstöðlum í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 frá 6. apríl 2022 við SFDR.

Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti

Vísar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í						
Visir um neikvæða sjálfbærni	Mælikvarði	Áhrif 2025	Áhrif 2024	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil	
Loftslagsvísar og aðrir umhverfistengdir vísar						
Losun gróðurhúsalofttegunda	1. Losun GHL	Losun GHL, umfang 1	8.714 tCO ₂ e	12.435 tCO ₂ e	Bekja: 46,4%	Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtakssjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifaþáttar í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og virðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.
		Losun GHL, umfang 2	320 tCO ₂ e	989 tCO ₂ e	Bekja: 46,3%	
		Losun GHL, umfang 3	72.611 tCO ₂ e	23.760 tCO ₂ e	Bekja: 46,3%	
		Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda	81.646 tCO ₂ e	37.184 tCO ₂ e	Bekja: 46,4%	
	2. Kolefnisspor	Kolefnisspor	0,69 tCO ₂ e/mISK fjárfest	0,61 tCO ₂ e/mISK fjárfest	Bekja: 46,4%	
3. Styrkur GHL hjá félögum sem fjárfest er í	Styrkur GHL hjá félögum sem fjárfest er í	0,9 tCO ₂ e/mISK tekjur	0,45 tCO ₂ e/mISK tekjur	Bekja: 46,4%		
4. Áhættuskuldbindingar gagnvart félögum í jarðefnaeldsneytisgeiranum	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem eru virk í jarðefnaeldsneytisgeiranum	5,3%	4,7%	Bekja: 43,1%	Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtakssjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifaþáttar í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og virðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.	
5. Hlutdeild í notkun og framleiðslu á óendurnýjanlegri orku	Hlutdeild í notkun og framleiðslu á óendurnýjanlegri orku félaga sem fjárfest er í, frá óendurnýjanlegum orkugjöfum samanborið við endurnýjanlega orkugjafa, gefið upp sem hlutfall af heildarorkugjöfum	Notkun: 12,4%	Notkun: 12,4%	Bekja: 43%	Helsta ástæða aukningar er vegna réttari gagna en á síðasta tímabili. Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtakssjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifaþáttar í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og virðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.	
		Framleiðsla: 0,1%	Framleiðsla: 0,04%	Bekja: 12%		

Visar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í						
Visir um neikvæða sjálfbærni	Mælikvarði	Áhrif 2025	Áhrif 2024	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil	
Loftslagsvísar og aðrir umhverfistengdir vísar						
6. Orkunotkun á hvern áhrifamikinn loftslagsgeira	Orkunotkun í GWh á hverja milljón króna af tekjum félaga sem fjárfest er í eftir hverjum loftslagsgeira sem veldur miklum áhrifum	0,002 GWh/mISK tekjur	0,003 GWh/mISK tekjur*	Bekja: 90,7%	Helsta ástæða aukningar er vegna réttari gagna en á síðasta tímabili. Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtaksjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifaáhrifastar í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og virðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.	
	Orkunotkun fyrir loftslagsgeira A (GWh/mISK tekjur) sem veldur miklum áhrifum	-	-	Bekja: 0%		
	Orkunotkun fyrir loftslagsgeira B (GWh/mISK tekjur) sem veldur miklum áhrifum	0,005 GWh/mISK tekjur	0,069 GWh/mISK tekjur	Bekja: 7,5%		
	Orkunotkun fyrir loftslagsgeira C (GWh/mISK tekjur) sem veldur miklum áhrifum	0,001 GWh/mISK tekjur	0,001 GWh/mISK tekjur	Bekja: 84,1%		
	Orkunotkun fyrir loftslagsgeira D (GWh/mISK tekjur) sem veldur miklum áhrifum	0,003 GWh/mISK tekjur	0,003 GWh/mISK tekjur*	Bekja: 100%		
	Orkunotkun fyrir loftslagsgeira E (GWh/mISK tekjur) sem veldur miklum áhrifum	-	-	Á ekki við		
	Orkunotkun fyrir loftslagsgeira F (GWh/mISK tekjur) sem veldur miklum áhrifum	-	-	Bekja: 0%		
	Orkunotkun fyrir loftslagsgeira G (GWh/mISK tekjur) sem veldur miklum áhrifum	0,0002 GWh/mISK tekjur	0,0004 GWh/mISK tekjur*	Bekja: 100%		
	Orkunotkun fyrir loftslagsgeira H (GWh/mISK tekjur) sem veldur miklum áhrifum	0,011 GWh/mISK tekjur	0,017 GWh/mISK tekjur	Bekja: 100%		
	Orkunotkun fyrir loftslagsgeira L (GWh/mISK tekjur) sem veldur miklum áhrifum	0,002 GWh/mISK tekjur	0,001 GWh/mISK tekjur	Bekja: 95,1%		
Líffræðileg fjölbreytni	7. Starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í með athafnasvæði/rekstur á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni og þar sem starfsemi félaganna sem fjárfest er í hefur neikvæð áhrif á svæðin	16,6%	11,3%	Bekja: 9,6%	Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtaksjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifaáhrifastar í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og virðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.
Vatn	8. Losun í vatn	Tonn af losun í vatn frá félögum sem fjárfest er í á hverja milljón króna sem er fjárfest, gefið upp sem vegið meðaltal	0,000000002 tonn/mISK fjárfest	0,00005 tonn/mISK fjárfest	Bekja: 8,3%	
Úrgangur	9. Hættulegur úrgangur og hlutfall geislavirks úrgangs	Tonn af hættulegum úrgangi og geislavirkum úrgangi sem myndast í félögum sem fjárfest er í á hverja milljón króna sem fjárfest er, gefið upp sem vegið meðaltal	0,20 tonn/mISK fjárfest	0,16 tonn/mISK fjárfest	Bekja: 9%	

*Orkuening tveggja fyrirtækja úr PAIs yfirlýsingu ársins 2024 var röng og hefur verið leiðrétt í þessari yfirlýsingu, þess vegna er ósamræmi á milli þessara talna og þeirra sem birtust í yfirlýsinguinni 2024.

Visar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í						
Visir um neikvæða sjálfbærni	Mælikvarði	Áhrif 2025	Áhrif 2024	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil	
Visar fyrir félags- og starfsmannatengd mál, virðingu fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttu gegn spillingu og mútum						
Félags- og starfsmannamál	10. Brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í, sem hafa brotið gegn við meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum eða viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	0,4%	0,3%	Bekja: 17,1%	Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtaksjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifafjárfestar í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og vörðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.
	11. Skortur á verklagsreglum og regluþyngniáðferðum til að vakta fylgni við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem hafa ekki stefnu um eftirlit með því hvort þau fylgi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum eða viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki eða fyrirkomulagi fyrir meðhöndlun á kvörtunarmálum/kvörtunum til að taka á brotum á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	29,9%	1,8%	Bekja: 17,4%	
	12. Óleiðréttur launamunur kynjanna	Meðaltal óleiðréttis launamunar kynjanna hjá félögum sem fjárfest er í	4,3%	4,4%	Bekja: 35,9%	
	13. Kynjafjölbreytni innan stjórnar	Meðaltalshlutfall kvenkyns og karlkyns stjórnarmanna í félögum sem fjárfest er í, gefið upp sem hlutfall allra stjórnarmanna	Hlutfall kvenkyns stjórnarmanna: 45%	Hlutfall kvenkyns stjórnarmanna: 45,2%	Bekja: 44,9%	
	14. Áhætta sem tengist umdeildum vopnum (jarðsprengjum, klasaspengum, efnavopnum og sýklavopnum)	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem fást við framleiðslu eða sölu á umdeildum vopnum	0,0%	0,0%	Bekja: 44,9%	

Visar sem gilda um fjárfestingar í fullvalda ríkjum og yfirþjóðlegum stofnunum						
Visir um neikvæða sjálfbærni		Mælikvarði	Áhrif 2025	Áhrif 2024	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
Umhverfisþættir	15. Styrkur gróðurhúsalofttegunda	Styrkur gróðurhúsalofttegunda í löndum sem fjárfest er í	0,84 tCO ₂ e/mISK verg landsframleiðsla	0,98 tCO ₂ e/mISK verg landsframleiðsla	Þekja: 99,8% Fyrir skuldabréf útgefin af ríki var eingöngu reiknuð losun fyrir umfang 1 (Framleiðslulosun).	Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtakssjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifafjárfestar í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og virðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.
Félagslegir þættir	16. Lönd sem fjárfest er í sem falla undir félagsleg brot	Fjöldi landa sem fjárfest er í sem falla undir félagsleg brot (algild tala og hlutfallsleg tala deilt með öllum löndum sem fjárfest er í), eins og vísað er til í alþjóðlegum milliríkjasamningum og sáttmálum, meginreglum Sameinuðu þjóðanna og innlendum lögum þar sem við á	Fjöldi landa: 0	Fjöldi landa: 0	Þekja: 100%	Við ákvarðanir um útilokun útgefenda í fjárfestingamengi sjóða í rekstri hjá Landsbréfum er meðal annars litið til þeirra útgefenda sem eru í NOCOEEX vísitölunni (Norway Council on Ethics Exclusion List Index). Ekkert félag hefur verið sett á útilokunarlista þannig að fjöldinn er núll fyrir þennan vísir. Listinn er miðaður við útgefendur en ekki einstaka lönd.
			Hlutfall landa: 0%	Hlutfall landa: 0%	Þekja: 100%	
Visar sem gilda um fjárfestingar í fasteignum						
Jarðefnaeldsneyti	17. Áhætta vegna jarðefnaeldsneytis í gegnum fasteignaeignir	Hlutdeild fjárfestinga í fasteignum sem tengjast námuvinnslu, geymslu, flutningi eða framleiðslu á jarðefnaeldsneyti	-	-	Á ekki við	Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtakssjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifafjárfestar í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og virðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.
Orkunýtni	18. Áhætta vegna fasteigna með lélega orkunýtingu	Hlutdeild fjárfestinga í fasteignum með lélega orkunýtingu	-	-	Á ekki við	

Aðrir vísar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti

[Upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr., á því sniði sem sýnt er í töflu 2]

Visar sem gilda um fjárfestingar í fullvalda ríkjum og yfirþjóðlegum stofnunum

Neikvæð sjálfbærniáhrif	Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti (eigindleg eða megindleg)	Mælikvarði	Áhrif 2025	Áhrif 2024	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
Græn verðbréf	17. Hlutdeild skuldabréfa sem ekki eru gefin út samkvæmt löggjöf Sambandsins um umhverfislega sjálfbær skuldabréf	Hlutdeild skuldabréfa sem ekki eru gefin út samkvæmt löggjöf Sambandsins um umhverfislega sjálfbær skuldabréf	100,0%	100,0%	Bekja: 100%	Litið framboð er af skuldabréfum sem gefin eru út samkvæmt löggjöf Sambandsins um umhverfislega sjálfbær skuldabréf. Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáætta, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáætta í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtakssjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifaáhrifastær í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og virðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.

[Upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr., á því sniði sem sýnt er í töflu 3]

Visar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í

Neikvæð sjálfbærniáhrif	Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti (eigindleg eða megindleg)	Mælikvarði	Áhrif 2025	Áhrif 2024	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
Félags- og starfsmannamál	4. Hegðunarviðmið birgja ekki fyrir hendi	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem engin hegðunarviðmið birgja gilda um (gegn ótryggðum vinnuskilyrðum, ótraustri vinnu, barnavinnu og nauðungarvinnu)	6,0%	9,7%	Bekja: 44,3%	Til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti er unnið samkvæmt eftirfarandi stefnum: Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáætta, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáætta í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Framtakssjóðir í rekstri hjá Landsbréfum eru umbreytingar- og áhrifaáhrifastær í innlendum fyrirtækjum. Þá setjast reyndir sérfræðingar í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateyminu að aukinni verðmæta- og virðisaukningu. Þar hefur verið unnið að verkefnum sem minnka og/eða lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti þeirra fyrirtækja.

Engir fleiri vísar eru notaðir til að greina og meta helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærni til viðbótar því sem kemur fram í töflunni hér að ofan.

Aðgerðir og markmið

Aðgerðir til að lágmarka neikvæð áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti felast í því að vinna samkvæmt eftirfarandi stefnum: stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu, stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf. Frekari upplýsingar um mat á neikvæðum áhrifum er að finna í stefnum og verklagsreglum um ábyrgar fjárfestingar og virka þátttöku.⁵ Virk þátttaka felur meðal annars í sér virk samskipti við útgefendur verðbréfa, þátttöku á hluthafafundum og framlag til þróunar UFS-viðmiða í fjármálageiranum. Það má helst nefna framlag Landsbankans við þróun PCAF-viðmiðanna (Partnership for Carbon Accounting Financials).

Framtakssjóðir Landsbréfa eru meðal sérhæfðra sjóða sem eru ekki markaðssettir til almennra fjárfesta. Landsbréf hafa fyrst og fremst beint sjónum sínum að íslensku atvinnulífi í rekstri framtakssjóða sinna og eru í fararbroddi í rekstri framtakssjóða hér á landi. Framtakssjóðir Landsbréfa hafa á undanförnum árum fjárfest með góðum árangri sem umbreytingar- og áhrifafjárfestir í innlendum fyrirtækjum. Reyndir sérfræðingar sérhæfðra fjárfestinga Landsbréfa setjast þá oftast í stjórnir félaga og vinna með stjórnendateymi fyrirtækjanna að aukinni verðmæta- og virðisaukningu þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Sjóðirnir eru lokaðir fagfjárfestasjóðir.⁶

Lýsing á stefnum til að tilgreina og forgangsraða helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti

Stjórnarhættir og ábyrgð

Sjálfbærnistefna Landsbankans, sem inniheldur einnig kafla um ábyrgar fjárfestingar, er samþykkt af bankaráði. Stefnan er rýnd og uppfærð árlega. Hún var síðast staðfest 18. september 2025.⁷ Stefna Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu er

⁵Sjá nánar sjálfbærnistefnu Landsbréfa, sjálfbærnisíðu Landsbréfa og sjálfbærnisíðu Landsbankans.

⁶Sjá nánar um sérhæfðar fjárfestingar Landsbréfa.

⁷Sjá sjálfbærnistefnu Landsbankans.

⁸Sjá stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu.

sett af stjórn Landsbréfa og framfylgt af framkvæmdastjóra Landsbréfa sem er formaður sjálfbærninefndar. Hún var síðast staðfest 21. október 2024.⁸

Valfrjálsir sjálfbærnisvísar

Til viðbótar við sjálfbærnisvísana sem eru birtir í töflu 1 birta Landsbankinn og Landsbréf upplýsingar um einn sjálfbærnisvísi úr töflu 2, um valfrjálsa loftslagsvísa og aðra umhverfistengda vísa, og einn sjálfbærnisvísi úr töflu 3, um valfrjálsa vísa fyrir félags- og starfsmannatengd mál, virðingu fyrir mannréttindum og mál sem varða baráttu gegn spillingu og mútum. Birting upplýsinga samkvæmt framangreindu er með fyrirvara um framboð og gæði gagna. Ekki eru notaðir aðrir mælikvarða við greiningu eða mat á helstu neikvæðu áhrifum fjárfestinga á sjálfbærniþætti en þá sem að framan greinir.

Gögn, aðferðafræði og takmarkanir

Gögn eru grundvallaratriði í greiningu á neikvæðum áhrifum fjárfestingarákvörðana á sjálfbærniþætti. Gögnum sem útgefendur verðbréfa skila sjálfir er forgangsraðað og stuðst við gagnaveitur ef ekki eru til beinar upplýsingar. Þar sem gögn eru ófullnægjandi er notast við staðgöngugögn eftir bestu getu. Bankinn og Landsbréf hafa takmarkað aðgengi að upplýsingum um óbeinar fjárfestingar (t.d. í öðrum sjóðum). Þrátt fyrir að lögð sé áherslu á að nota nýjustu tiltæku gögn um sjálfbærni, er töf á mörgum gögnum. Flest gögn byggja á upplýsingum sem fyrirtækin birta sjálf og þau vísa oft til fyrra reikningsárs. Frekari töf getur skapast vegna þess tíma sem það tekur gagnaveitendur að vinna og samræma gögn eftir birtingu. Önnur takmörkun er áframhaldandi skortur á áreiðanlegum, stöðluðum og samanburðarhæfum gögnum. Þrátt fyrir að gagnsæi hafi aukist meðal fyrirtækja eru gögn enn takmörkuð og skapar þetta ákveðna óvissu. Útreikningar í þessari skýrslu miðast við stöðuna 31. desember 2025 og ná yfir tímabilið 1.1.2025 til 31.12.2025. Eigindleg gögn eru þau nýjustu sem til eru, en oft miðast þau við lok fyrra árs eða árið þar á undan. Helstu gagnaveitur sem eru notaðar eru Vera, Bloomberg og Reitun. Hafið samband við Landsbankann ef þörf er fyrir frekari upplýsinga um gagnaveitur eða annað.

Þátttökustefnur

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 4. gr. SFDR-reglugerðarinnar birta Landsbréf eigendastefnu (þátttökustefnu), en það er rétt að geta þess að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2017/828, um breytingu á tilskipun 2007/36, hefur ekki enn verið innleidd í íslensk lög. Í framkvæmd fylgja Landsbréf í megindráttum þeim viðmiðum sem sett eru í tilskipuninni og er ætlað að tryggja rétt þeirra sem fara með atkvæðarétt í sjóðum félagsins sem eru einkum framtakssjóðir.¹

Tilvísanir í alþjóðlega staðla

Við mat á fjárfestingum er horft til eftirfarandi atriða:

- ▶ Alþjóðalög og alþjóðasáttmálar sem Ísland hefur fullgilt.
- ▶ Starfsleyfissskilyrði.
- ▶ Hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact).
- ▶ OECD leiðbeiningar fyrir fjölþjóðafyrirtæki (Guidelines for Multinational Companies).
- ▶ OECD Corporate Governance.
- ▶ Leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeiningar Nasdaq OMX Iceland um samfélagsábyrgð.
- ▶ Greiningar á viðeigandi UFS-þáttum fyrirtækja.
- ▶ Upplýsingagjöf varðandi UFS-þætti, t.d. ESRS-skýrslur, GRI-skýrslur, Nasdaq UFS-skýrslur eða önnur viðeigandi upplýsingagjöf.
- ▶ Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

¹Sjá Eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa hf..

Sögulegur samanburður

Breytingar á skýrslugjöfnum frá fyrra ári, sem var fyrsta yfirlýsing okkar um helstu neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti, er aukið umfang greiningarinnar. Fleiri eignaflokkar hafa bæst í útreikninga auk þess sem aðgengi að sjálfbærniögnum hefur litið batnað á milli ára og þekja einstakra vísa aukist. Breytingar frá fyrra tímabili endurspeglar því ekki eingöngu breytingar á sjálfbærniáhrifum undirliggjandi fjárfestinga heldur einnig breytingar á umfangi og gagnagæðum.